

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Öldusel, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings ytra samþykkti þann 23. ágúst 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir Öldusel. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu frá Keldnavegi, byggingarreitum undir núverandi íbúðarhús, frístundahús og skemmu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mariúvellir, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings ytra samþykkti þann 23. ágúst 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir Mariúvelli. Gert er ráð fyrir byggingarreit sem tiltekur byggingu íbúðarhúss, bílskúrs og skemmu auk þess að sýnd er aðkoma að umræddum byggingarreit. Aðkoma er frá Rangárvallavegi (nr. 264) og um Gilsbakkaveg (nr. 2745).

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 3. september 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.